



VALGREINAR Í FELLASKÓLA SKÓLAÁRIÐ 2021 – 2022



Skipulag skólastarfs á unglíngastigi, 8. – 10. bekkur

Skipulag umsjónar á unglíngastigi er þannig háttað að 8. og 9. bekkur eru saman í umsjónarhóp og þar er umsjónarkennari Sólrún Víkingsdóttir. Umsjónarkennari í 10. bekk er Rannveig Friðriksdóttir. Að auki kennir Jóhann Örvarsson tungumál og fl. Stundatafla nemenda er þannig að faggreinakennarar bera ábyrgð á kjarnagreinunum sex; íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði og þær eru ýmist kenndar á bekkjarvísu eða í lotuvinnu. Í lotuvinnu reynir á sjálfstæði og ábyrgð nemenda en þar hafa nemendur val um að vinna í því námsefni sem þeir telja þörf á að vinna í og geta valið hvar og með hverjum þeir vinna. Lotuvinna er á stundatöflu 240 mínútur á viku hjá 8. – 9. bekk og 280 mínútur á viku hjá 10. bekk.

Skipting námsgreina á unglíngastigi:

- ♥ Íslenska
- ♥ Stærðfræði
- ♥ Erlend tungumál
- ♥ Náttúrugreinar
- ♥ Samfélagsgreinar / lífsleikni s.s. bekkjarfundir
- ♥ Skólaípróttir
- ♥ List- og verkgreinar
- ♥ Metið val
- ♥ Frjálst val / lokaverkefni, valgreinar, náms og starfsfræðsla 9. bekk

Valgreinar

Metið val

Val nemenda á unglingsstigi á að vera 290 mínútur á viku á bekk. Það eru 4,8 kennslustundir.

Í lögum um grunnskóla 2008 segir: „Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólstarfs“.

Val nemenda utan skóla getur verið allt að 2 klst. á viku. Til að fá val metið þarf að fylgja útskýring á því sem nemandinn ætlar að gera (tónlistarnám, íþróttir, atvinna, annað) og foreldrar þurfa að skrifa undir það.

Val – grunnur í boði allt skólaárið

Valgreinatímabilin eru fjögur:

01.09 - 20.10

27.10 – 15.12

05.01 – 23.02

09.03 – 11.05

<u>Hreyfing</u> Kennari: Einar	<u>Smíði og hönnun, bíllinn, flutt að heiman</u> Kennari: Þoddi	<u>Næring og heilsa, heimilisfræði</u> Kennari: Guðný Drífa
--	---	---

Val – reynir á sjálfstæði og ábyrgð nemanda

Bókaklúbbur – yndislestur

Langar þig að lesa skemmtilegar bækur? Ef svo er skaltu velja þennan áfanga. Í valinu verða nokkrar skáldsögur lesnar, að eigin vali, að vali hópsins eða val kennarans. Að lestri loknum er fjallað um bókina í hópnum, með kennara eða annað. Tíminn er 2. klst á viku í 8 vikur.

Lokaverkefni – þemaefni

Langar þig að rannsaka og vinna verkefni um eitthvað sem þú hefur áhuga á? Þá er þetta valgrein fyrir þig. Þú velur þér eitthvað viðfangsefni og þú velur þér einhvern kennara/ mentor. Þú getur valið þér lokaverkefni fjórum sinnum í vetur. Ef verkefnið er umfangsmeira en svo að þú náir að vinna það á einu tímabili getur þú í samráði við Mentorinn þinn lengt það. Það geta tveir unnið svona verkefni saman en þá eru kröfur um skil metnaðarfullri.

Dæmi um lokaverkefni eru; að sauma sér flík, gera teiknimyndaseríu, búa til stuttmynd, gera matreiðslubók, semja tónverk eða lag og taka það upp, búa til listaverk, taka viðtöl og skrifa grein, þrjúna peysu, skartgripagerð, semja ljóð, stjörnufræði, teikna og mála og fleira.

Val – kennt í lotum

Förðun

Förðun verður kennd fjóra miðvikudaga.

22 .09
29 .09
06. 10
20. 10

Á móti förðun

01.10 umræður og kynning
08. 09 portfoliamappa/ ferilmappa
15. 09 portfoliamappa/ ferilmappa
13. 10 uppsetning á verkefnum - plaggat

Lotuverkefni/ lokaverkefni

Nafn verkefnis: _____

Hvað: _____

Afhverju: _____

Hvernig: _____

Undirskrift foreldra: _____

Undirskrift nemanda: _____

Undirskrift leiðbeinanda: _____



Valblað skólaárið 2021 - 2022

Metið val 2 klst á viku – þetta er fyrir utan valtíma á miðvikudögum

Til að fá metið val, 2 klst. á viku þarf samþykki og undirskrift foreldra.

Nemandi: _____

Fær metnar 2. klst á viku í val vegna þátttöku sinnar í vinnu/ íþróttum/
tónlist/ hjálparstarfi/aðstoð við búskap eða annað það sem nemandi,
foreldri og skólastjóri eru ásátt um að vert sé að meta sem val.

Undirskrift nemanda: _____

Undirskrift foreldra: _____

Undirskrift skólastjóra: _____

Valblað 1. - val tímabilið 01.09 - 20.10

Nafn nemanda: _____

Settu númer 1, 2 eða 3 fyrir framan það sem þú velur.

Valgreinar:

	Hreyfing
	Næring og heilsa
	Smíði
	Bíllinn – undirbúningur fyrir bílpróf
	Flutt að heiman
	Bókaklúbbur
	Förðun/ ýmis viðfangsefni á mótum
	Lotuverkefni/ lokaverkefni